

LÖG**um breyting á lögum nr. 18 22. apríl 1959, um vöruhappdrætti fyrir
Samband íslenskra berklasjúklinga.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 1. gr. orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 75 000. Draga skal í 12 flokkum á ári hverju og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, í fyrsta sinn í janúarmánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jón Helgason.***LÖG****um breyting á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

44. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, hinn þriðji er formaður, skipaður án tilnefningar.

2. gr.

Upphaf 45. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Matthías Bjarnason.